

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Flm.: Sigríður Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson, Össur Skarphéðinsson,  
Rannveig Guðmundsdóttir, Bryndís Hlökkversdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson,  
Þórunn Sveinbjarnardóttir.

### 1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist nýr málslíður, 2. másl., svohljóðandi: Heimilt er að veita lán til undirbúnings listnámi á háskólastigi.

### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:  
Námslán eru veitt fyrir fram fyrir hvern mánuð.
  - b. Við 4. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Eðlileg námsframvinda í námsgrein miðast við reglur í þeim skóla þar sem nám er stundað.
  - c. 5.–7. mgr. orðast svo:  
Námsmaður, sem fær lán úr sjóðnum, skal undirrita skuldabréf við lántöku og ber hann ábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt vöxtum og verðtryggingu þess.  
Stjórn sjóðsins er heimilt að veita námslán hafi námsmaður undirritað skuldabréf, sbr. 5. mgr.
- Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum lántakandi skuli fullnægja.

### 3. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, svohljóðandi:

Ef námsmaður lýkur lokaprófum á tilskildum tíma, samkvæmt reglum viðkomandi skóla, breytist 30% af upphæð námsláns í styrk. Styrkurinn er skattfrjálgs og óháður tekjum viðkomandi námsmanns.

Ljúki námsmaður ekki lokaprófum á tilskildum tíma, samkvæmt reglum viðkomandi skóla, og geti hann ekki framvísað vottorði um lögmæt forföll, verður ekki um styrkveitingu að ræða. Stjórn sjóðsins sker úr um í vafatilvikum hvort námsmaður telst hafa lokið lokaprófum á tilskildum tíma.

### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. Við 3. mgr. bætist: sbr. þó 1. mgr. 6. gr. a.
- b. 5. mgr. orðast svo:  
Lán sjóðsins skulu vera vaxtalaus.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. Orðin „og vöxtum“ í 2. mgr. falla brott.
- b. Í stað hlutfallstölunnar „4,75“ í 3. mgr. kemur: 3,75.

## 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. 1. másl. 1. mgr. orðast svo: Hverri endurgreiðslu skal skipt í höfuðstól og verðbætur.
- b. 2. mgr. fellur brott.

## 7. gr.

2. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Einnig er heimilt að láta ákvæði þessarar greinar taka til annarra erlendra ríkisborgara sem starfað hafa sem launþegar á Íslandi í a.m.k. þrjú ár.

## 8. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Um námslán og námsstyrki.**

## 9. gr.

Orðin „og vextir“ í 1. tölul. 1. mgr. 15. gr. laganna falla brott.

## 10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Nokkuð er liðið síðan gerðar voru breytingar á núgildandi lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Þær breytingar sem þá voru gerðar voru til bóta en þó var allt of skammt gengið af hálfu ríkisstjórnarinnar. Með þessu frumvarpi eru settar fram grundvallarbreytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Lagt er til að námslán verði ávallt greidd fyrir fram fyrir hvern mánuð. Þá er lagt til að krafa um ábyrgðarmenn á lánum verði felld brott úr lögum enda samræmist hún ekki ákvæðum laganna um jafnrétti til náms. Vitað er um mörg dæmi þess að ungt og efnilegt fólk hefur orðið að hverfa frá áætlunum um frekara nám vegna þess að það hefur ekki getað framvísað ábyrgðarmönnum sem lánasjóðurinn tekur gilda. Hver námsmaður á sjálfur að vera ábyrgur fyrir endurgreiðslu síns námsláns og á að undirrita skuldabréf þess efnis. Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum lántakandi þarf að fullnægja.

Aðrar breytingar eru þær helstar að lagt er til að þegar námsmaður hefur lokið lokaprófum á tilskildum tíma eða framvísað vottorði um lögsmætar tafir á námi breytist 30% af upphæðinni sem hann hefur tekið að láni í óendurkræfan styrk. Styrkurinn yrði hvorki tekjutengdur né skattlagður. Breytingar þær sem hér eru lagðar til taka mið af reglum annars staðar á Norðurlöndum. Í Svíþjóð eru 34,5% af þeirri upphæð sem námsmaður fær til ráðstöfunar á námstíma hreinn styrkur sé miðað við fullt nám en það eru u.þ.b. 7.200 sænskar kr. Annars staðar á Norðurlöndum eru námsstyrkir ekki bundnir við að námsmaður ljúki formlegu námi en hér er lagt til að það verði skilyrði fyrir styrkveitingu.

Þá er lögð til sú meginbreyting að námslán verði vaxtalaus eins og var áður en núgildandi lög tóku gildi. Það hefur sýnt sig að það er mjög íþyngjandi fyrir fólk sem hefur verið í námi og er að byrja lífsbaráttuna, þ.e. stofna fjölskyldu og kaupa sér húsnæði og fleira sem tilheyrir

fjölskyldustofnun, að standa undir þungum afborgunum af námslánum. Það er skylda þjóðfélagsins að binda ekki ungu fjölskyldufólki þær byrðar sem gera þeim erfitt fyrir að standast álagið sem nútímalífsbarátta á Íslandi krefst vegna þess að það hefur menntað sig til lífsstarfs.

Einnig er lagt til að endurgreiðsluhlutfalli námslána verði breytt úr 4,75% í 3,75% í því skyni að greiðslubyrði afborgana verði viðráðanlegri.

Í 13. gr. nágildandi laga um lánaþjófðinn kemur fram að ríkisborgari ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, sem starfað hefur þar sem launþegi í a.m.k. fimm ár, á rétt á aðstoð til starfs- tengds náms hafi hann komið hingað til lands vegna starfs síns og átt hér lögheimili í eitt ár. Sama gildir um maka hans og börn sem eru yngri en 21 árs eða eru á framfæri þeirra hér á landi. Flutningsmenn leggja til að aðrir erlendir ríkisborgarar sem hafa starfað hér á landi í a.m.k. þrjú ár eigi rétt á námsláni vegna viðurkennds náms hér á landi.

Að lokum skal þess getið að lagt er til í 2. gr. laganna að heimilt verði að veita lán til undirbúnings listnámi á háskólastigi. Slíkt nám fer nú fram við Myndlistarskólann í Reykjavík.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### Um 1. gr.

Í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur fram að Lánaþjófður íslenskra námsmanna veitir lán til fámhaldsnáms við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis. Skv. 2. gr. laganna er heimilt að veita öðrum námsmönnum námslán en þeim sem falla undir skilgreiningu 2. mgr. 1. gr., enda stundi þeir sérnám. Hér er lagt til að lögfest verði í 2. gr. laganna að heimilt verði að lána til sérnáms sem er undirbúningur að námi í listaháskóla. Slíkt nám fer nú fram við Myndlistarskólann í Reykjavík og er því á framhaldsskólastigi þó svo að innihald námsins sé sambærilegt við það sem kennt er á háskólastigi.

##### Um 2. gr.

Lagðar eru til ýmsar breytingar á 6. gr. laganna. Í fyrsta lagi er lagt til að námslán verði veitt fyrir fram fyrir hvern mánuð. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir þá fjárhagserfiðleika sem nemendur lenda í við upphaf háskólanáms. Verði námsframvinda ekki með eðlilegum hætti samkvæmt reglum viðkomandi skóla stöðvast greiðslur námslána, sbr. 4. mgr. 6. gr. laganna. Í öðru lagi er lögð til frekari skilgreining á því hvað sé eðlileg námsframvinda og miðast ákvörðun þess við reglur skóla þar sem nám er stundað. Að lokum eru lagðar til breytingar á reglum um ábyrgðarmenn. Skv. 1. gr. laganna er það hlutverk Lánaþjóðs íslenskra námsmanna að tryggja þeim sem falla undir lögina tækifæri til náms án tillits til efnahags. Námslán eiga þannig að tryggja jafnrétti til náms. Ekki getur verið um slíkt að ræða meðan krafist er ábyrgðarmanna fyrir námslán. Því er lagt til að hver námsmaður beri sjálfur ábyrgð á sínu námsláni.

##### Um 3. gr.

Lögð er til grundvallarbreyting á lögnum með því að kveða á um í nýrri grein, 6. gr. a, að 30% af upphæð námsláns verði styrkur ljúki námsmaður lokaprófum á tilskildum tíma samkvæmt reglum viðkomandi skóla. Lagt er til að styrkurinn verði hvorki tekjutengdur né skattskyldur. Ljúki námsmaður ekki lokaprófum á tilskildum tíma samkvæmt reglum viðkomandi skóla og geti hann ekki framvísað vottorði um lögmat forföll verður ekki um styrkveitingu að ræða og námsmaður þarf þá að endurgreiða lán sitt að fullu. Að lokum er lagt til að

stjórn sjóðsins skeri í vafatilvikum úr um hvort námsmaður teljist hafa lokið lokaprófum á tilskildum tíma.

Um 4. gr.

Lögð er til sú meginbreyting á 7. gr. laganna að námslán verði vaxtalaus eins og reyndin var áður en lög nr. 21/1992 tóku gildi. Það hefur sýnt sig að afborganir námslána eftir framangreinda breytingu hafa reynst námsmönnum mjög erfiðar og því er lagt til að námslán verði á ný vaxtalaus.

Um 5. gr.

Lögð er til breyting á 8. gr. laganna um endurgreiðsluhlutfall námslána þar sem núverandi hlutfallstala endurgreiðslu þykir of há. Lagt er til að hlutfallstala endurgreiðslu verði 3,75 í stað 4,75. Skv. 3. mgr. 7. gr. núgildandi laga er lánstími námsláns ótilgreindur og greitt skal af námsláni þar til skuldin er að fullu greidd. Lækkun sú sem hér er lögð til mun ekki hafa úrslitaþýðingu í þessu sambandi. Hins vegar mun lægra endurgreiðsluhlutfall leiða til þess að greiðslubyrði verður viðráðanlegri. Þá er lögð til nauðsynleg breyting á greininni þar sem lagt er til að námslán verði vaxtalaus.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Lögð er til breyting á 2. mgr. 13. gr. laganna um lánshæfni útlendinga. Lagt er til að ákvæðið verði rýmkað og nái þannig til þeirra erlendu ríkisborgara sem starfað hafa sem launþegar á Íslandi í a.m.k. þrjú ár. Markmiðið er að auka möguleika þessa hóps á að afla sér menntunar og bæta þannig lífsskilyrði sín hér á landi.

Um 8. gr.

Lögð er til breyting á heiti II. kafla laganna svo að það lýsi betur inntaki hans.

Um 9. og 10. gr

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.